

59

20. apríl áður átt með honum 2 börn, er hjá þeim voru, og lá á sæng eftir að hafa átt með honum 3. barnið, þegar henni var veittur styrkurinn, og var sængurlegan orsök þess, að hún varð þurfandi. Því hefir verið haldið fram, að styrkurinn hefði átt að veitast barnsföðurnum sem húsráðanda, og að barnsmóðirin hafi verið hjú hans, en þó svo hefði verið, sem ekki verður talið rjett, heldur fremur að fjelagsbúskapur hafi átt sjer stað meðal foreldra barnanna, þá hefði það ekki getað talist rjett eftir atvikum að veita barnsföðurnum styrkinn. Styrksþörfin stafaði af sængurlegu kvenmannsins og þörfum barnanna, og var því rjett að veita henni styrkinn. Það hefir enn fremur verið á talið, að ekki hafi verið tekin skýrsla af henni sjálfri, heldur hafi barnsfaðirinn gefið skýrsluna fyrir hennar hönd. En þarsem það er upplýst, að ekki varð tekin skýrsla af stúlkunni sjálfri vegna sjúkleika hennar og skýrsla sú, er barnsfaðirinn gaf fyrir hana, hefir ekki verið vefengd að efni til, virðist þetta ekki getað frýjað framfærsluhreppinn frá endurgjaldi á styrknum, og sama er eftir atvikum að segja um þá aðfinslu, að stúlkan hafi ekki sjálf beðið um styrkinn.

Samkvæmt þessu úrskurðast hjermeð, að Rangárvallahreppi beri að endurgreiða Reykjavíkurbæ framangreindan fátækrastyrk með 30 kr.

Þetta er yður hjermeð tjáð til leiðbeiningar, birtingar fyrir hreppsnefnd Rangárvallahrepps og frekari ráðstöfunar.

60

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Dalasýslu um flutning þingstaðar.

21. maí

Samkvæmt tillögum yðar, herra sýslumaður, í brjefi, dags. 12. þ. m., og beiðni hreppsnefndarinnar í Miðdalahreppi, veitir stjórnarráðið hjermeð samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Sauðafelli að Stóra-Skógi, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

61

Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Þingeyjarsýslu um endurveitingu á

7. júní **hlunnindum fyrir sparisjóð Húsavíkur.**

Útaf beiðni, sem hingað hefir borist frá stjórnarnefnd sparisjóðs Húsavíkur, vill stjórnarráðið hjermeð endurveita nefndum sjóði um 5 ár, frá 1. maí þ. á. að telja, hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. janúar 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að ekki rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins sje nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af ársreikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo

ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, sem verða kann á lög- **61**
um sjóðsins. 7. júní

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir for-
stöðunefnd sjóðsins.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir sjóðinn »Aldarminning **62**
Jóns Sigurðssonar forseta«, útgefinn á venjulegan hátt að mandatum af ráðherra 15. apríl
Íslands 15. apríl 1915.

Skipulagsskráin er þannig:

Aldarminning Jóns Sigurðssonar forseta.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með samskotum Ísfirðinga.

2. gr.

Stofnfje sjóðsins er kr. 1623.65 — eitt þúsund sex hundruð tuttugu og þrjár krónur sextíu og fimm aurar. — Fyrir fje sjóðsins skulu keypt bankavaxta-
brjef eða önnur jafntrygg verðbrjef. Verja má $\frac{1}{2}$ vöxtum til styrktar fátækum,
efnilegum og siðprúðum gagnfræðanemendum á Ísafirði, en þegar höfuðstóllinn er
orðinn 3000 kr., má verja $\frac{3}{4}$ vaxtanna í sama skyni. Gjafir leggjast ávalt við
höfuðstól.

3. gr.

Skólanefnd Ísafjarðar hefir á hendi stjórn sjóðsins, og skal ársreikningur
hans birtur í Stjórnartíðindunum. Verði gagnfræðaskóli stofnaður á Ísafirði, hverf-
ur stjórn sjóðsins undir stjórn hans.

Ísafirði, 11. mars 1915.

Þorvaldur Jónsson. Sigurjón Jónsson. Magnús Torfason.